

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands
Austurgötu 29b
220 Hafnarfjörður
Kt. 501111-1630
nsve@nsve.is

31. maí 2022

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
101 Reykjavík

[Tölvupóstur á nefndasvid@altingi.is](mailto:Tolvupostur_a_nefndasvid@altingi.is)

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands, NSVE, um frumvarp til laga um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010, (uppbygging innviða), 573. mál.

Með breytingum á raforkulögum, sem gerðar voru með lögum nr. 26/2015 voru stigin stór skref til þess að fjarlægja almenning frá afskiptum af framkvæmdum í raforkukerfi landsins. Meðal annars var almenningur þá sviptur rétti til þess að kæra samþykki Orkustofnunar á kerfisáætlun Landsnets. Þó að íslensk stjórnvöld eigi enn eftir að bíta úr nálinni með þessar breytingar, hyggjast þau enn og aftur ráðast í lagabreytingar, sem ætlað er að stytta stórnotendageiranum leið. Lagabreytingin 2015, sem þá átti að greiða fyrir framgangi mála, virðist ekki hafa dugað til. Nú á þjóðráðið að vera það að breyta skipulagslögum á þann veg, að sveitarfélögin verði svipt beinum rétti sínum til þess að ákveða skipulag innan vébanda sinna og skera úr um veitingu framkvæmdaleyfa, sem varða flutningskerfi Landsnets. Raflínunefnd á að koma í stað sveitarfélaganna, þegar fyrirhuguð framkvæmd Landsnets varðar fleiri en eitt sveitarfélag. Eðli málsins samkvæmt hlýtur svo oftast að vera. Sú breyting virðist þó aðeins vera til málamynda. Yfir öllu kerfinu gnæfir innviðaráðherra, sem ekki er bundinn af neinu og ræður öllu, ef ekki er fullur einhugur innan raflínunefndarinnar. Raflínuskipulag, staðfest af ráðherra, „er bindandi við gerð svæðisskipulags, aðalskipulags og deiliskipulags og við útgáfu byggingar- og framkvæmdaleyfa.“ Meira að segja mat á umhverfisáhrifum verði í reynd komið undir forræði innviðaráðherra, því að um það segir í greinargerð frumvarpsins: „Framkvæmd mats á umhverfisáhrifum og hlutverk Skipulagsstofnunar við það verði formlega óbreytt en matið unnið samhliða og samþætt undirbúningi skipulagsákvörðunar [um raflínuskipulag]...“. Matið „formlega óbreytt“, „en...“. Er ekki „bara best“ að hafa allt á einni hendi? Eða – kannski ekki?

Í umsögn þessari verður ekki farið út í að gera athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Það er hugmyndafræði þess, sem gerð er athugasemd við og mótmælt. Hún stríðir gegn grundvallarreglum síðaðs þjóðfélags, þ.á m. umhverfisréttarins, um valddreifingu, þétttökurétt almenning og nálægðarreglu. Endanlegt ákvörðunarvald verður fært eins langt frá almenningi og nærsamfélögum og hægt er. Auðvitað verður almenningi og samtökum hans áfram leyft af senda inn athugasemdir („röfla“), m.a.s. skal innviðaráðherra „gefa raflínunefnd

færi á að koma að athugasemdum áður en hann tekur ákvörðun um afgreiðslu tillögunnar [að raflínuskipulagi]. En það á að vera ljóst, hver ræður.

Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands leggjast gegn frumvarpi þessu í heild og hvetja stjórnvöld til yfirvegunar, átta sig á því, hvaða braut þau eru að feta sig á. Ef fyrir stjórnvöldum vakir að greiða leið fyrir framkvæmdir í flutningskerfi raforku, er það örugglega vænlegra til árangurs að taka í reynd tillit til athugasemda almennings heldur en leita í sífellu nýrra og nýrra leiða til að sniðganga almenning, samtök hans og nærsamfélög. Sú leit er nefnilega endalaus í lýðræðisþjóðfélögum og hefur ekki gefist sérlega vel hér á landi.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar NSVE,


Helena Mjöll Jóhannsdóttir, formaður